

LÖGMANNA BLAÐIÐ



4. árg.

Mars

1 / 1998

Að lokum ...

Peningaþvætti og lögmenn

Jus@internet.is – Réttur til svæðisnetfanga

Samtök um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar

Skuldbindingargildi GATT-samkomulagsins fyrir ESB

Umsögn Orators um lögmannafrumvarp

Réttarstaða fanga og sakborninga

*Kveðja
fráfarandi
formanns*

—
Bls. 3

*Jus@internet.is
Réttur til
svæðisnetfanga*

—
Bls. 8

*Réttarstaða
fanga og
sakborninga*

—
Bls. 18

Útgefandi:

Lögmannafélag Íslands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Marteinn Másson

Ritnefnd:

Árni Vilhjálmsson, hrl.

Björn L. Bergsson, hdl.

Jón G. Briem, hrl.

Steinunn Guðbjartsdóttir, hdl.

HÆSTARÉTTARDÓMAR

Hjá dómverði Hæstaréttar fást eftirtaldir árgangar:

1920-1924	500.-	1972	500.-	
1925-1928 A	500.-	1973	500.-	
1925-1929 B	500.-	1974	500.-	
1930	550.-	1975	500.-	
1931-1932	500.-	1976	500.-	
1933	500.-	1977	500.-	
1934	500.-	1978	500.-	
1935	500.-	1979	500.-	
1936	500.-	1980	700.-	tvö bindi
1937	500.-	1981	800.-	eitt bindi
1938	500.-	1982	900.-	tvö bindi
1939	500.-	1983	1.000.-	tvö bindi
1940	500.-	1984	1.200.-	tvö bindi
1941	500.-	1985	1.400.-	tvö bindi
1942	500.-	1986	1.800.-	tvö bindi
1943	500.-	1987	2.400.-	tvö bindi
1944	500.-	1988	3.000.-	tvö bindi
1945	500.-	1989	3.600.-	tvö bindi
1946 ljp	800.-	1990	4.500.-	tvö bindi
1966	500.-	1991	5.000.-	tvö bindi
1967	500.-	1992	6.000.-	þrjú bindi
1968	500.-	1993	6.600.-	þrjú bindi
1969	500.-	1994	8.800.-	fjögur bindi
1970	500.-	1995	8.800.-	fjögur bindi
1971	500.-	1996	11.000.-	fimm bindi

50% afsláttur til laganema

Að lokum ...

I.
Arið 1992 verður efallast lengi í minnum haft meðal lögmanna vegna þeirra stórfelldu breytinga sem urðu á réttarfarsreglum á nánast öllum sviðum lögfræðinnar. En í kjölfarið fylgdu fleiri breytingar. Allur aðbúnaður þeirra sem við dómstólana starfa, dómara, lögmanna og annarra, hefur tekið ótrúlegum stakka-skiptum.

Virðulegt og glæsilegt dómhús var tekið í notkun fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur og allir héraðsdómar landsins hafa fengið nýja og betri aðstöðu, síðast Héraðsdómur Suðurlands á síðasta ári. Tignarlegast er þó nýtt hús Hæstaréttar Íslands sem vígt var haustið 1996.



**Sigurmar K. Albertsson, brl.,
formaður
L.M.F.Í.**

Hins vegar verð ég æ sannfærðari um að eftirlits- og agavald getur hvergi annarsstaðar verið en innan félagsins sjálfs ...

Í raun og veru er með ólíkindum á tímum sparnaðar, niðurskurðar og hins eilífa barnings ríkisvaldsins til að ná hallalausum rekstri, að fengist hafi fé í það án teljandi hávaða. Þeir sem muna t.d. litlu kompuna í Vestmannaeyjum sem kölluð var réttarsalur, morknum veggjum og þrengslunum í Bæjarþingi Reykjavíkur og fúkkalyktinni í gamla Hæstarétti finna muninn og fagna því bæði réttarfarsbreytingum og nýrri vinnuástöðu. Auðvitað er það svo að margir hafa komið að ákvarðanatöku vegna þessa en ljóst að nafn Þorsteins Pálssonar, dómsmálaráðherra, kemur fyrst upp í hugann.

II.

Síðasta starfsár stjórnar Lögmannafélags Íslands hefur verið annasamt og að nokkru leyti erfitt. Mestur tími fór, eins og ævinlega, í að fjalla um aga- og umkvörtunarmál af ýmsum toga. Það er langt í frá auðvelt að fjalla um mál kollega sinna og auðvitað svo að

ekki verður til þess ætlast að öllum líki jafnvel við niðurstöður stjórnarinnar. Hins vegar verð ég æ sannfærðari um að eftirlits- og agavald getur hvergi annarsstaðar verið en innan félagsins sjálfs og sjálfur vildi ég frekar láta vega og meta mín verk af kollegum mínum en einhverri nefnd á vegum hins opinbera. Um þessi efni hafa fallið mörg orð og verða þau ekki endurtekin hér. Hins vegar leiðir þetta hugann enn og aftur að lögmannafrumvarpinu en á því hafa nú verið gerðar verulegar breytingar, sem allar eru nær hugmyndum sem fram koma í frumvarpi því sem stjórn Lögmannafélagsins lét gera. En það vel ef allt gengur eftir í þeim efnum, en stjórn Lögmannafélagsins hefur beitt sér til að ná fram breytingunum í samræmi við þann vilja félagsmanna sem birtist í viðhorfskönnuninni 1996.

Nýr dómur Hæstaréttar knýr einnig á um að breytingar verði gerðar á skipulagi félagsins og þau skilaboð sem koma fram í dóminu voru þegar komin inn í frumvarpið. Mikil verk bíður næstu stjórnar því það er ekki einfalt að skipta starfsemi félagsins upp í þau verk sem skylduáðildarþættinum eiga að fylgja og þess hluta starfseminnar sem á að falla undir frjálsa aðild. Í þá vinnu verður að kalla til fjölda félagsmanna og heppilegt að sem flestir leggi fram sitt lið og hugmyndir um hvernig skiptingunni verður best fyrirkom-
ið.

III.

Sá sem þetta skrifar hefur setið sem formaður Lögmannafélagsins s.l. ár og var varaformaður þess í tvö ár þar á undan. Á aðalfundi 1997 lýsti ég því yfir að ég myndi ekki sitja nema eitt ár og nýr formaður verður því kosinn á næsta

Lögmannafélag Íslands

Álftamýri 9, 108 Reykjavík
sími (telephone): 568-5620
bréfsími (telefax): 568-7057
tölvupóstur (E-mail): lmfí@tv.is

Stjórn L.M.F.Í.

Sigurmar K. Albertsson, brl.,
formaður

Jakob R. Möller, hrl.,
varaformaður

Kristinn Bjarnason, hdl.,
ritari

Kristín Briem, hrl.,
gjaldkeri

Sigurbjörn Magnússon, hrl.,
meðstjórnandi

Starfsfólk L.M.F.Í.

Marteinn Másson,
framkvæmdastjóri
Hildur Pálmadóttir, ritari

Blaðið er sent öllum félagsmönnum.

Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn:
kr. 1.500 + vsk.

Verð pr. tölublað kr. 300 + vsk.

Prentun: Borgarprent h.f.

Umsetningu auglýsinga:
Öflun ehf., sími 561-4440

aðalfundi. Nú er það auðvitað svo að félagsstörf af þessum toga eru tímafrek og það hlýtur að reyna á þolrif þeirra sem með þeim vinna er taka að sér félagslega vinnu. Allt hefur þetta þó gengið ágætlega og raunar verður að viðurkenna að eftirsjá verður að því að hætta, því í raun og sann er bæði skemmtilegt og lærdómsríkt að starfa í stjórn Lögmannafélags Íslands.

Um leið og ég þakka þeim fjölmörgu lögmönnum sem hafa verið boðnir og búnir til starfa fyrir félagið þegar eftir því var leitað, vil ég þakka það traust og þann heiður sem mér var sýndur með að velja mig sem formann á sínum tíma og óska nýjum formanni og stjórn vel-farnaðar í mikilvægum störfum.

Mál fyrir Hæstarétti Íslands árið 1997

Nýlega bárust upplýsingar frá Hæstarétti Íslands um mál fyrir réttinum á síðasta ári, fjölda þeirra, flokkun eftir niðurstöðum o.fl.

Fjöldi mála.

Á árinu 1997 bárust alls 524 mál, sem er nokkur fjölgun frá árinu áður, en þá voru málin 475 talsins.

Áfrýjuð mál voru 329 (254 einkamál og 75 opinber mál) og kærúmál 195 (104 einkamál og 91 opinbert mál).

Í lok síðasta árs var ólokið alls 192 áfrýjunarmálum (162 einkamálum og 30 opinberum málum) og 8 kærúmálum (7 einkamálum og 1 opinberu máli).

Niðurstöður.

Skipting dæmdra mála á árinu 1997 eftir málsúrslitum var með eftirgreindum hætti (tölur innan sviga eru vegna niðurstaðna mála á árinu 1996).

Áfrýjuð mál.

Alls féllu 260 (360) dómur í áfrýjuðum málum, 200 í einkamálum (260) og 60 í opinberum málum (75).

Í einkamálunum var í 93 (126) tilvikum staðfest niðurstaða héraðsdóms, í 32 (55) málum var niðurstöðu breytt að einhverju leyti og í 53 (67) málum var niðurstöðunni breytt að verulegu leyti eða snúið við. Fimm mál (7) voru ómerkt, 16 (5) málum var vísað frá Hæstarétti og héraðsdómi og eitt mál var fellt niður.

Í opinberum málum voru héraðsdómarnir staðfestir í 27 (24) tilvikum, breytt að einhverju leyti í 26 (27) tilvikum og breytt verulega eða snúið við í 5 (12) tilvikum. Tvö (8) mál voru ómerkt en engu opinberu máli (4) var vísað frá réttinum á árinu 1997.

Kærúmál.

Af 181 (168) kærúmáli, sem úrskurðað var á árinu 1997, var niðurstaða héraðsdóms staðfest að mestu í 117 (110) tilvikum, breytt að verulegu leyti eða snúið við í 43 (42) tilvikum. Í 4 (1) tilvikum var um ómerkingu að ræða, 3 kærúmál voru felld niður og 14 (15) mál sættu frávísun.

Handsal - filma

Á hann trúnað þinn vísan?

Við verðmæta- og skjalavörslu verður skaði af völdum innbrota, elds og vatnstjóna oftast óbætanlegur.

Hjá Öryggismiðstöð Íslands starfar metnaðarfullt fólk með sérþekkingu og reynslu á sviði öryggismála.

Þjónusta okkar er sérsniðin að óskum hvers viðskiptavinar

Öryggismiðstöð Íslands hf.
Knarrarvogi 2, 104 Reykjavík. Sími: 533 2400, Fax: 533 2412

Hringdu núna og settu öryggismál þín í öndvegi

533 2400



GREIFSKA SMÍÐJAN 1998

Sími 568 9095

Eyðing skjala

Einfalt
Öruggt
Fljótlegt



GAGNAEYDING

Gagnaeyðing ehf.
Skútvogi 13 - 104 Reykjavík
Sími: 568 9095, fax: 568 8215, farsími: 897 2803
Netfang: gagnaeyding@vortex.is
Opíð frá kl. 9:00 til 17:00,
mánudaga til föstudaga (og eftir samkomulagi).

Peningaþvætti og lögmenn

**Í 3. tölublaði Lögmanna-
bladsins á síðasta ári ritaði Guð-
laug B. Ólafsdóttir, lögfræð-
ingur hjá Íslandsbanka hf.,
grein um hlutverk fjármála-
stofnana hér á landi í aðgerðum
gegn peningaþvætti. Í því grein-
arkorni, sem hér birtist, verður
fjallað lítillega um nokkur atriði
er varða lögmenn og peninga-
þvætti.**

FATF-hópurinn

Á vegum OECD hefur undanfar-
in ár verið unnið ötullega og
skipulega að því að koma í veg
fyrir og uppræta þann þátt í al-
þjóðlegri glæpastarfsemi sem felst í
peningaþvætti, þ.e. þeirri iðju að
koma í umferð fjármunum, sem
aflað hefur verið með ólöglegum
hætti. Í þessu skyni var á vegum
OECD, framkvæmdastjórnar Evr-
ópusambandsins o.fl. stofnaður
vinnuhópur, The Financial Action
Task Force on Money Laundering
(FATF), sem hefur það hlutverk að
þróa og leggja fram tillögur um
það hvernig megi koma í veg fyrir
peningaþvætti.

Á árinu 1990 lagði FATF-hópur-
inn fram tillögur sínar í 40 liðum
(The Forty Recommendations)¹ um
hvernig haga mætti og ætti baráttu-
inni gegn peningaþvætti, að ein-
hverju leyti þó að teknu tilliti til
ólíkra aðstæðna í hinum einstöku
löndum. Þessar tillögur hafa síðan
verið notaðar til að setja lög í við-
komandi löndum um aðgerðir
gegn peningaþvætti, hér á landi
með lögum nr. 80/1993. Þátttöku-
löndin í þessu fjölþjóðlega sam-
starfi hafa skuldbundið sig til að
koma á fót innra eftirlitskerfi í
hverju landi fyrir sig og að þola
utanaðkomandi reglubundið eftir-
lit, sem framkvæmt er af FATF-
hópnum.

Tillögurnar 40 voru teknar til

¹ Hægt er að fá eintak tillagnanna á
skrifstofu L.M.F.I.

endurskoðunar á árinu 1996, að
fenginni 6 ára reynslu og vegna
breytinga, sem orðið hafa á þessari
ólöglegu starfsemi. Í tillögunum 40
hafði spjótunum upphaflega verið
beint að peningaþvætti í gegnum
hinar ýmsu fjármálastofnanir land-
anna, en við endurskoðunina hef-
ur þótt ástæða til að láta aðgerðir-
nar ná til fleiri aðila í þjóðfélaginu,
sem FATF-hópurinn telur að hætta
sé á að verði notaðir til peninga-
þvættis með einum eða öðrum
hætti.

*Slíkt trúnaðarsamband
væri einn af
bornsteinum
réttarríkisins.*

Endurskoðun laga nr. 80/1993

Í viðskiptaráðuneytinu hefur
undanfarið verið unnið að samn-
ingu frumvarps til laga um breyt-
ingar á lögum nr. 80/1993, um að-
gerðir gegn peningaþvætti, þar
sem m.a. hefur verið höfð hliðsjón
af ábendingum FATF-hópsins um
naudsynlegar breytingar í ljósi
fenginnar reynslu. Hefur í þessu
sambandi m.a. verið rætt um að
fella lögmennsþjónustu, a.m.k. að
sumu leyti, undir gildissvið lag-
anna. Fæli það í sér að lögmön-
num yrði hugsanlega gert skylt að
tilkynna lögreglu yfirvöldum ef þeir
í störfum sínum fá grunsemdir
um að viðskiptamenn þeirra eða
aðrir stunda peningaþvætti. Yrði
þeim, sem og öðrum, sem falla
undir gildissvið laganna, gert skylt
að veita alla nauðsynlega aðstoð til
að ákvæðum laganna yrði fram-
fylgt.

Á sínum tíma, þegar setning
reglugerðar nr. 695/1994, um hlut-
verk nokkurra starfsstétta og lög-
aðila við aðgerðir gegn peninga-

þvætti, var í undirbúningi, var uppi
hugmynd um að fella lögmenn,
löggitla endurskoðendur, fast-
eignasala og bílasala undir gildis-
svið laga nr. 80/1993. Stjórn
L.M.F.I. mótmælti á þeim tíma
harðlega þeim hugmyndum að því
er lögmenn varðaði og taldi að
með slíkum reglum yrði vegið al-
varlega að því trúnaðarsambandi
sem nauðsynlegt er að ríki milli
lögmanns og skjólstæðings hans.
Skjólstæðingar lögmanna yrðu að
mega treysta á lögbundna þagnar-
skyldu lögmanna. Slíkt trúnað-
arsamband væri einn af hornstein-
um réttarríkisins. Einnig benti
stjórnin á að ekki væri hægt með
setningu reglugerðar að víkja til
hliðar hinn lögbundnu þagnar-
skyldu lögmanna, eins og hún birt-
ist í 1. gr. laga nr. 61/1942, um mál-
flytjendur.

Umræða á erlendum vettvangi

Á erlendum vettvangi, m.a. inn-
an samtaka lögmannafélaga í Evr-
ópu, CCBE, hafa menn haft miklar
áhyggjur af þeirri þróun, sem mjög
víða á sér stað, þar sem æ lengra er
gengið í þá átt að þrengja að trú-
naðarsambandi lögmanna og skjól-
stæðinga þeirra, þó svo það sé lið-
ur í virðingarverðri baráttu gegn
glæpastarfsemi. Á þetta sér ekki
eingöngu stað í baráttu gegn pen-
ingaþvætti heldur einnig við rann-
sókn skattsvikamála o.fl.

Á fulltrúafundi CCBE (Plenary
Session) í nóvember 1997 var sam-
þykkt stefnuýfirlýsing samtakanna
um trúnaðarskyldur lögmanna og
aðgerðir gegn peningaþvætti. Í yf-
irlýsingunni er lögð á það áhersla
að ekki megi líta á þagnarskyldu
lögmanna sem forréttindi þeirra og
skjólstæðinga þeirra. Þagnarskylda
lögmanna sé í raun nauðsynleg
fyrir starfsemi sérhvers frjáls lýð-
ræðisríkis. Einstaklingur, stofnun
eða fyrirtæki verði að mega treysta
því að það, sem lögmanni er trúað

fyrir, falli undir þagnarskyldu þá, sem á lögmanninum hvílir. Öðru vísi geti skjólstæðingurinn ekki treyst lögmanninum, sem aftur kunnir að leiða til þess að skjólstæðingurinn fer ekki að þeim ráðum, sem honum eru veitt, þegar mest á reynir. Skjólstæðingurinn verði að geta ráðfært sig við lögmanninn í trúnaði t.d. um það hvort tiltekna athafnir skjólstæðingsins (eða athafnaleysi) séu löglegar eða ekki. Slík trúnaðarsamtöl komi á hverjum degi í veg fyrir afbrot, sem ella kynnu að hafa verið framin þar sem skjólstæðingur færir ekki að ráðum lögmanns síns vegna þess að hann treysti ekki lögmanninum.

Það er því talið afar mikilvægt að slá skjaldborg um þagnarskyldu lögmannna, ekki aðeins um það trúnaðarsamband sem þarf að vera milli sakborninga og lögmannna í störfum þeirra að sakamállum, heldur einnig að því er varðar öll önnur lögmannsstörf, innan réttar sem utan.

Í yfirlýsingu CCBE kemur fram að þagnarskylda lögmannna hafði um langan aldur almenna, viðtæka þýðingu. Í raun hafði lögmaður einungis átt um það við samvisku sína hvort og þá í hvaða tilfellum hann braut gegn þessari grundvallarskyldu. Almenna reglan hafði verið sú að þagnarskyldan var ekki brotin nema í þeim tilgangi einum að forða því að lífi manneskju yrði stefnt í hættu. Undanfarin ár hafi hins vegar í löggjöf í Evrópuríkjum verið gengið sífellt lengra í því að þrengja að þagnarskyldunni, ætíð með þeirri réttlætingu að verið væri að berjast gegn glæpum eins og kynferðisbrotum, skattsvikum og peningabætti. Að mati CCBE er ástæða til að hafa verulegar áhyggjur af þessari tilhneigingu eða þróun í löggjafarstarfinu, þó ekki sé ætlunin að draga úr nauðsyn baráttunnar gegn glæpum. Í því sambandi er tekið fram, að í sjálfu sér sé ekkert við rannsókn sakamáls að athuga, þar sem grunur leikur á refsiverðri háttsemi lögmanns, svo fremi sem löggjöfin sé

ekki þannig úr garði gerð að hún mæli almenna, lögfræðilega ráðgjöf, sem refsiverða.

— — — — —

*... að ekki megi líta á
þagnarskyldu lögmannna
sem forrétindi þeirra og
skjólstæðinga þeirra.*

— — — — —

CCBE bendir á að lögmennt séu settir undir mjög strangar siðareglur stéttarinnar og eftirlit með að þeim reglum sé hlíf. Í löggjafarstarfinu virðist hins vegar skorta nægan skilning á því hverjar afleiðingarnar geta orðið ef þagnarskylda lögmannna er ekki virt.

CCBE bendir ennfremur á þau ákvæði í siðareglum lögmannafélaga sem skylda lögmennt að fara að lögum í störfum sínum (sbr. ákvæði 1. gr. siðareglna L.M.F.Í.: *Lögmanni ber að efla rétt og brinda órétti. Skal lögmaður svo til allra mála leggja, sem hann veit sannast eftir lögum og sinni samvisku.*). Samkvæmt slíku ákvæði væri lögmanni rétt og skylt að segja sig frá verki ef hann fengi rökstuddan grun um að í verkefniinu fælist með einhverjum hætti peningabætti eða önnur ólögmat starfsemi. Í þessu sambandi verði þó að greina skýrt á milli þess, þegar lögmanni ber að segja sig frá verki skv. ofansögðu, og þess, þegar lögmaður sinnir réttargæslu fyrir sakborning, sem grunaður er um peningabætti. Í síðarnefnda tilvikinu ber lögmanninum að gæta réttra, lagalegra hagsmuna sakborningsins, en gæta jafnframt að þeim siðareglum, sem um störf hans gilda.

Í yfirlýsingu CCBE er einnig fjallað um nauðsyn þess að gögn í förum lögmannna njóti einhverrar lágmarksverndar gagnvart aðgerðum rannsóknaraðila. Þannig ætti ekki að vera hægt að krefjast afhendingar á gögnum eða upplýsingum, sem lögmennt hafa í sínu förum og varða umbjóðendur þeirra, nema með því að tilgreina mjög ná-

kvæmlega hvaða gögn eða upplýsingar það eru, sem rannsóknaraðilarnir sækjast eftir. Komið sé í veg fyrir að rannsóknaraðilar afli upplýsinga með óljósum eða ónákvæmum fyrirspurnum.

Umræðan um og aðgerðir gegn peningabætti undanfarin ár hafa leitt til þess að við endurskoðun siðareglna CCBE, sem nú fer fram, hefur komið tillaga að nýrri reglu, þar sem lögmanni væri gert skylt að ganga úr skugga um hver umbjóðandi hans er eða milligöngumaður umbjóðandans og lögmannsins. Jafnframt bæri lögmanninum að segja sig frá verki ef hann fengi rökstuddan grun um að í verkinu fælist með einhverjum hætti peningabætti og umbjóðandi hans væri ekki reiðubúinn að hverfa frá gerningnum. Mun CCBE vinna að því að aðildarfélög sín taki upp sambærilegt ákvæði í siðareglum sínum, ef slík ákvæði er ekki þegar að finna þar.

Niðurlag

Sem fyrr segir er stefnt að því að breyta lögum nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningabætti, á því þingi, sem nú situr. L.M.F.Í. hefur fengið tækifæri til að ræða við vinnuhóp þann, sem semur frumvarpsdrögin. Hefur af hálfu félagsins m.a. verið lögð áhersla á að erfitt sé að greina í sundur einstaka þætti í þjónustu lögmannna við viðskiptavinum þeirra. Eitt verkefni geti greinst í tvo eða fleiri samtengda þætti. Tvö eða fleiri verkefni geti tengst innbyrðis. Eðli þjónustunnar gæti, ef frumvarpið verður að lögum, leitt til þess að lögmaður yrði bundinn trúnaðarskyldu gagnvart viðskiptamanni sínum einn daginn en næsta dag bæri honum að tilkynna lögreglu yfirlýsingu um atferli þessa sama viðskiptamanns, þar sem nýr flötur kom upp í verkefniinu. Mun af hálfu L.M.F.Í. áfram verða reynt að hafa áhrif á gerð frumvarpsins, þannig að staða og hlutverk lögmannna sem réttargæslumanna sakborninga gagnvart ríkisvaldinu breytist ekki.

MM

Jóhannes Sigurðsson, brl.

Jus@internet.is

Réttur til svæðisnetfanga

Svo sem menn þekkja er nýjasti og mest spennandi fjölmiðillinn í dag svokallað internet, hér eftir kallað „netið“. Notkun netsins sem samskipta- og upplýsingamiðils vex nú hröðum skrefum. Þessi aukna notkun hefur leitt til þess að ýmis ágreiningsefni hafa vaknað um réttarstöðu aðila sem nota netið. Þekktust er líklega umræðan um auðveldan aðgang að klámi á netinu og vangaveltur um leiðir til þess að takmarka þann aðgang. Þá hafa komið upp tilvik þar sem tölvuþrjotar hafa farið inni tölvubúnað óviðkomandi aðila sem eru með beinlínusamband og



Jóhannes
Sigurðsson, brl.
A & P Lögmönnum

gert þar usla, eða a.m.k. skilið eftir sig slóð til þess að sýna getu þeirra í að brjótast inni tölvukerfi.

Grundvallaratriði í netsamskiptum er svokallað netfang notanda og þá einkum það sem nefnt hefur verið svæðisnetfang eða lén. Net-

föngin eru einskonaar símanúmer viðkomandi manns eða fyrirtækis sem eru slegin inn til að fá samband við viðkomandi heimasíðu eða til að senda tölvupóst. Þar sem í netföngum má hafa stafi, og einnig tölur, og tilgreina þannig að nokkru leyti notandann hafa komið upp ýmis ágreiningsefni um rétt til þess að nota tiltekin orð eða stafi í svæðisnetföngum. Sem dæmi um ágreining af þessum toga má nefna að ágreiningur hefur komið upp um rétt til svæðisnetfanga í a.m.k. tveimur tilvikum hér á landi. Annað tilvikið snerist um svæðisnetfangið „bonus.is“ sem *Bónus Radíó* hafði fengið skráð. *Kjörbúðin Bónus* ásældist svæðisnetfangið.

Réttarríkið

Nýtt í Réttarríkinu :

Úrskurðir Úrskurðarnefndar um Upplýsingamál
Leitarsíða - Álitsgerðir Kæruneftndar Jafnréttismála

<http://www.adgengi.is>

ÚRLAUSN AÐGENGI

Réttarríkið
Reglugerðir
Hæstaréttardómar
Endurupptökubeiðni í
Hæstaréttarmáli nr. 214/1978
Veðbókarvottorð

Úrlausn-Aðgengi ehf. Skeifan 7, 108 Reykjavík. Sími 568 8886. Fax 568-8883.
Internet pósthfang: urlausn@adgengi.is heimasíða: <http://www.adgengi.is>

Ekki kom til dómsmáls vegna þessa þar sem aðilar leystu málið með samkomulagi. Hitt tilvikíð snýst um svæðisnetfangið „tm.is“ sem *Tölvumiðlun ehf.* hefur skráð. *Tryggingamiðstöðin hf.* krefst þess að Tölvumiðlun ehf. verði bönnuð notkun á netfanginu þar sem Tryggingamiðstöðin hafi skráð vörumerki þar sem að stafirnir TM koma fram með stílfærðum hætti. Mál um þennan ágreining er nú rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og er að vænta dóms innan skamms.¹ Réttarstaða aðila í tilvikum af þessum toga er tilefni þessa greinarkorns.

Einkenni netfanga

Á Íslandi er það fyrirtækið Internet á Íslandi hf. (hér eftir nefnt Intís) sem hefur með höndum úthlutun netfanga. Það félag er þátttakandi í alþjóðasamstarfi um úthlutun netfanga. Netföng hvers lands eru tilgreind með tveimur stöfum. Þannig stendur „is“ fyrir Ísland, „dk“ fyrir Danmörku og „us“ fyrir Bandaríkin. Auk þessa er til einskona alþjóðatilgreining sem úthlutað er af fyrirtækinu NSI í Bandaríkjunum (USA Network Solutions Inc.). Þessi tilgreining er a.m.k. að hluta til auðkenni á starfssviði viðkomandi aðila. Þessi auðkenni eru t.d. „com“ (commercial) fyrir aðila í atvinnurekstri og „org“ (organisation) fyrir samtök og stofnanir.

Svæðisnetföng eða lén samanstanda af auðkenni fyrirtækis og landsauðkenni. Dæmi um þetta er t.d. „aplaw.is“ sem er svæðisnetfang A&P Lögmannna og „law.is“ sem er svæðisnetfang Lögmannna Mörkinni. Póstföng, þ.e. auðkenni notanda við móttöku og sendingu tölvupósts, er samsett af auðkenni notanda og svæðisnetfangi fyrirtækis. Dæmi um þetta eru pósthöfundur „johannes@aplaw.is“ og „gjons@law.is“. Til þess að ná sambandi við heimasíður, sem eru kynningar- og upplýsingasíður fyr-

irtækja og einstaklinga, er hins vegar að jafnaði nægjanlegt að tilgreina svæðisnetfang viðkomandi aðila en stundum þó með forskeytnum „http://“ (þessi skammstöfun er tilvísun í það með hvaða hætti upplýsingarnar eru settar inná netið) og/eða „www“ (sem er skammstöfun fyrir World Wide Web eða veraldarvef). Heimasíðutilvísun Alþingis er til að mynda „http://www.althingi.is“.



Meginreglan um prior tempori er almennt viðurkennd sem útgangspunktur hjá aðilum sem úthluta svæðisnetföngum.



Úthlutunarreglur Internets á Íslandi hf.

Úthlutunaraðilar hvers lands um sig setja sér reglur um það hvernig þeir úthluta netföngum til umsækjenda. Reglurnar eru ekki samræmdar þótt almennt megi segja að grunnsjónarmiðin séu svipuð. Intís hefur sett ákveðnar reglur um það hvernig netföngum er úthlutað hér á landi. Grunnreglan við úthlutun netfanga á Íslandi er sú að svæðisnetfangið á að tilgreina nafn aðila (nyherji.is), skammstöfun á nafni hans (vis.is) eða aðra styttingu (tmoryggi.is). Þá er heimilt að nota auðkenni sem félög eru þekkt undir. T.d. gæti Vífilfell hf. notað svæðisnetfangið „coke.is“. Að uppfylltri þessari reglu gildir meginreglan um „prior tempori potior jure“ eða fyrstur kemur fyrstur fær. Intís hefur gefið út þá yfirlýsingu að félagið sé ekki úrskurðaraðili um það hvort auðkenni í netfangi brjóti í bága við rétt annars aðila, heldur lætur nægja að hvetja aðila til þess að kanna réttarstöðu sína áður en sótt er um svæðisnetfang.

Meginreglan um prior tempori er almennt viðurkennd sem útgangspunktur hjá aðilum sem úthluta svæðisnetföngum. Þá hefur dóm-

stóll í Bretlandi staðfest þessa reglu sem meginreglu í málinu *Pitman Training Ltd. o.fl. gegn Nominet UK o.fl.* (CH 1997 F 1984). Atvik máls þessa voru þau að tveir málsaðilar höfðu rétt til að nota orðið Pitman við markaðssetningu á sitt hvoru atvinnusviðinu. Annar aðilinn hafði fengið skráð svæðisnetfangið „pitman.co.uk“ en ekki hafði notkun á því strax þar sem vinnu við heimasíðu var ekki lokið. Síðar fékk hinn aðilinn sama netfang skráð vegna mistaka við úthlutun netfanga hjá úthlutunaraðilinum. Niðurstaða dómsins var sú að sá aðili sem hafði fyrstur fengið skráningu ætti rétt á að nota netfangið.

Verður vörumerkjarétti beitt um svæðisnetföng?

Í þeim tilvikum, sem aðilar hafa reynt að hnekkja rétti annars aðila til svæðisnetfangs, hafa menn byggt kröfur sínar á tilvísun í vörumerkjalög, reglur um vernd firmaheita og reglur um óréttmæta viðskiptahætti í samkeppnislögum.

Eitt af grundvallar ágreiningsefnum í þessum málum er hvort reglum vörumerkjaréttar og þá einkum laga nr. 45/1997 um vörumerki verði beitt um þann ágreining sem kann að koma upp í þessum tilvikum.

Ýmis rök hafa verið færð til stuðning því að reglum vörumerkjalaga verði ekki beitt um svæðisnetföng. Í fyrsta lagi hefur verið bent á að svæðisnetföng uppfylli ekki skilyrði vörumerkjalaga um að vera sérkenni eða sýnileg tákn sem fallin eru til að aðgreina vöru eða þjónustu, sjá hér t.d. 1. og 2. gr. vörumerkjalaga. Í svæðisnetföng eru notaðir venjulegir stafir eða tölur, en ekki merki eða tákn. Í öðru lagi er það viðurkennd kenning í vörumerkjarétti að venjulegir stafir og tölur séu ekki nægilega sérkennandi til þess að njóta vörumerkjaværndar. Öðru máli gegnir hins vegar um stílfærða stafi, sjá hér 2. gr. vörumerkjalaga. Í þriðja lagi má nefna að það er almennt skilyrði brots gegn vöru-

¹ Höfundur gæti hagsmuna Tölvu-mynda ehf. í málinu.

merkjarétti að hin líku vörumerki vísi til svipaðrar vöru eða þjónustu. Þannig getur prentsmiðja tekið upp svipað vörumerki og hársnyrtistofa án þess að það valdi ruglingi. T.d. gætu bæði Hótel Esja og Þrjónastofan Esja verið með vörumerki með stílfærðu nafninu Esja. Hins vegar getur einungis einn aðili fengið skráð netfangið „esja.is“.

Af ofangreindum röksemdum virðist ljóst að reglum vörumerkjalaga verður ekki beitt beint um úthlutun og skráningu svæðisnetfanga.

Á móti kemur að algengt er að skrá orð sem vörumerki. Oft eru þetta heiti á fyrirtækjunum eða vöru sem þau selja. Þessum auðkennum má að einhverju leyti gera skil í svæðisnetfangi þótt stafirnir eða tölurnar séu án sérkenna.

Meginreglur auðkennaréttar, samkeppnislög, firmalög

Þótt reglum vörumerkjalaga verði ekki beitt beint um þessi tilvik liggur hins vegar fyrir að atvinnufyrirtæki hafa mjög mikla hagsmuni af því að heiti þeirra eða slagorð séu ekki notuð af samkeppnisaðila sem hluti af netfangi. Hagmunir neytenda mæla eindregið með því að dregið sé úr ruglingshættu sem gæti skapast ef meginreglan um prior tempori mundi gilda án undantekninga.

Sem dæmi um hættuna sem getur skapast, má nefna gerðardómsmálið *Kaplan Educational Center gegn The Princeton Review*. Málsaðilar voru í samkeppni um sölu á námskeiðum. Princeton Review hafði skráð svæðisnetfangið „kaplan.com“. Á heimasíðu Princeton Review sem tengd var þessu netfangi var gerður samanburður á námskeiðum þess og Kaplan Educational Center. Að sjálfsögðu var samanburðurinn mjög hagstæður Princeton Review. Gerðardómurinn komst að þeirri niðurstöðu að Princeton Review ætti að hætta notkun á svæðisnetfangi með nafni samkeppnisaðilans.

Af þessu sökum er eðlilegt að þau meginljóðarmíð sem liggja til grundvallar auðkennarétti verði lögð til grundvallar þegar lög verða sett um þetta tilvik. Þá er ekki ólíklegt að dómstólar muni leggja meginreglur auðkennaréttar til grundvallar lausn ágreiningsmála á þessu sviði.

*Af ofangreindum
röksemdum virðist ljóst
að reglum
vörumerkjalaga verður
ekki beitt ...*

Auk þessa mun við úrlausn álitafna á þessu sviði lítið til samkeppnislaga nr. 8/1993. Koma þar einkum til skoðunar ákvæði 22. og 25. gr. um óréttmæta viðskiptahætti. Fyrra ákvæðið bannar háttsemi sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti, en hið síðara er almennt ákvæði sem bannar notkun auðkenna þannig að hætta sé á ruglingi.

Ef álitafni snýst um firmanafn, koma sjónarmið um ruglingshættu, sem liggja til grundvallar ákvæðum II. kafla laga nr. 42/1903, um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð, til skoðunar.

*Hagmunir neytenda
mæla eindregið með
því að dregið sé úr
ruglingshættu ...*

Er ruglingshætta fyrir bendi?

Ef komist er að þeirri niðurstöðu að meginreglur auðkennaréttar nái til þessa sviðs þarf að leysa úr því álitafni hvort að tilgreining á firmaheiti, skammstöfun eða slagorði í svæðisnetfangi feli í sér ruglingshættu.

Þegar sendur er tölvupóstur þurfa menn að hafa nákvæmlega

rétt pósthöfundur svo pósturinn rati rétta leið. Upplýsingar um pósthöfundur finna menn í sérstökum netfangaskráum í bókarformi eða á netinu, símaskrá (‘98) eða í kynningargögnum frá viðkomandi aðila. Af þeim sökum er ekki ruglingshætta fyrir hendi við póstsendingar.

Við leit að heimasíðum fyrirtækja nota menn almennt svokallaðar leitarvélar (Alta Vista, Lycos, Yahoo o.fl.). Vélarnar fara reglulega í gegnum allan texta sem tengdur er netinu og taka upp lykilorð sem notuð er við leit. Venjulegast mundu viðskiptamenn fyrirtækja leita eftir þjónustusviði eða firmaheiti viðkomandi aðila. Þar sem leitarvélnar sýna allar heimasíður sem hafa að geyma viðkomandi orð er a.m.k. öruggt að eigandi firmaheitis eða slagorðs mun finnast við skoðun á leitarniðurstöðum. Sú hætta er ávallt fyrir hendi að samkeppnisaðili setji inn lykilorð sem hefur skírskotun til firmaheitis eða slagorðs samkeppnisaðila en það hefur í sjálfu sér ekkert með ruglingshættu vegna svæðisnetfanga að gera. Hugsanlegt er að menn reyni að giska á svæðisnetfang með því að nota einhverja útgáfu af firmaheiti, skammstöfun eða styttingu. Þessi aðferð er hins vegar ekki sú venjulega við leit enda byggir hún á ágiskunum og tilviljunum háð hvort hún skili árangri.

Nú er algengt að fyrirtæki tilgreini netfang í auglýsinga- og kynningargögnum, þannig að viðsemjendur eigi auðveldara með að fá meiri upplýsingar um þá þjónustu eða vöru sem í boði er. Að þessu leyti má segja að það sé mikilvægt fyrir fyrirtæki að svæðisnetfangið hafi skírskotun til firmaheitis eða slagorðs. Viðskiptamenn eiga þá auðveldara með að muna netfangið og leita að frekari upplýsingum um þjónustu. Þessi þáttur leiðir hins vegar ekki til ruglingshættu nema ef samkeppnisaðili leggur áherslu á þjónustu sína með því að auglýsa netfang með firmanafni eða slagorði annars fyrirtækis.

Niðurstaðan af þessu er sú að almennt er lítil hættá á ruglingi vegna svæðisnetfanga þó finna megi tilvik þar sem ruglingshætta getur verið fyrir hendi.

Hvaða reglur munu gilda?

Þar sem dómstólar hér á landi hafa ekki tekið á álítaefnum af þessum toga er erfitt að fullyrða hvar línurnar verða lagðar í þessum málaflokki. Út frá þeim sjónarmiðum sem sett eru fram hér að ofan og niðurstöðum erlendra dómstóla, má hins vegar gera ráð fyrir nokkrum meginreglum.

Erlendis er að finna mörg dæmi um tilvik þar sem aðilar, einkum atvinnufyrirtæki, hafa reynt að hnekkja rétti annars aðila til svæðisnetfangs, sem fengist hefur úthlutað á grundvelli reglunnar um prior tempori. Þekkt eru mörg tilvik þar sem svokallaðir netfangaræningjar hafa með skipulögðum hætti og í hagnaðarskyni skráð netföng með frægum firmaheitum. Dæmi um þetta er t.d. ágreiningur um svæðisnetfangið „mcdonalds.com“ sem lauk með sátt (rétturinn til netfangs keyptur og greiðsla rann til góðgerðarstarfsemi). Dómstólar ýmissa landa hafa kveðið upp dóma um þessi tilvik. Frá Bandaríkjunum má nefna málið *Panavision International LP gegn Dennis Toppen* (938 F. Supp. 616 (C.D. Cal., 1996)) vegna svæðisnetfangsins „panavision.com“. Í Bretlandi stefndi *Harrods Ltd.* fyrirtækinu *UK Network Service Ltd.* (No:1996 H 5453) vegna svæðisnetfangsins „harrods.co.uk“. Í Þýskalandi höfðaði *Epson Germany GmbH* mál gegn *Engelke* (34 0 191/1996 frá 4/4/97) vegna „epson.de“. Þá hefur bæjarþing Kaupmannahafnar kveðið upp dóm í máli *Beologice A/S* gegn *Dennis Willardt Zewillis* (2. desember 1997) vegna svæðisnetfangsins „beologice.com“.

Í þeim dómsmálum sem gengið hafa í ofangreindum málum hefur niðurstaðan verið sú að meginreglunni um prior tempori hefur verið vikið til hliðar. Sameiginlegt með

öllum þessum tilvikum er að sannaður er ásetningur til þess að hagnaast með því að skrá tilmanafn annars aðila. Í öllum tilvikum var um að ræða aðila sem höfðu skráð mörg svæðisnetföng með nöfnum þekktra fyrirtækja. Röksemdafærslur dómara fyrir niðurstöðunum eru nokkuð mismunandi. Þannig komst dómurinn í Panavision-málinu að því að brotið hefði verið gegn vörumerkjarétti Panavision þar sem um væri að ræða frægt nafn (rík markaðsfeita). Rétt er að

Sameiginlegt með öllum þessum tilvikum er að sannaður er ásetningur til þess að hagnaast ...

benda á að niðurstaðan byggðist á sérstakri löggjöf sem veitir frægum nöfnum aukna vernd, „*Trademark Dillution Act*“. Danski dómurinn í máli *Beologice A/S* reisti niðurstöðu sína hins vegar á því að háttsemi netfangaræningjans bryti í bága við góða viðskiptahætti.

Gera má ráð fyrir því að íslenskir dómstólar muni fylgja þessum niðurstöðum.

Gera má ráð fyrir því að íslenskir dómstólar muni fylgja þessum niðurstöðum. Að vísu hefur Intís séð við þessari hættu að hluta, með þeirri reglu að hver aðili fær að jafnaði einungis úthlutað einu svæðisnetfangi. Niðurstöðuna má þá rökstyðja með tilvísun í meginreglur auðkennaréttar og laga-reglna um firmaheiti sem stefna að takmörkun á ruglingshættu og verndun þeirra hagsmuna sem fylgja rétti til auðkennis. Einnig má styðja þessa niðurstöðu við 22. gr. samkeppnislaga um að háttsemin brjóti í bága við góða viðskiptahætti.

Meira álítaefni er um niðurstöður í málum þegar ekki er fyrir hendi þessi sérstaki tilgangur með skráningu netfangs. Þegar atvik er með þeim hætti að svæðisnetfangið er firmaheiti, skammstöfun, stytting eða slagorð tveggja aðila, eða með öðrum orðum að eðlilegir viðskiptalegir hagsmunir liggja til grundvallar úthlutun, er eðlilegt að meginreglan um prior tempori ráði. Á þetta einkum við þegar um er að ræða fyrirtæki á sitt hvoru atvinnuviðinu og ruglingshættan hverfandi.

Ef aðili fær skráð svæðisnetfang með firmaheiti eða slagorði annars aðila, sem á ekki að vera hægt skv. núgildandi úthlutunarreglum, án þess að áðurgreindur hagnaðartilgangur teljist sannaður, er mestur vandi á höndum. Í þessum tilvikum verður að meta hvort meginreglur um verndun auðkenna og firmaheita séu svo ríkar að beita megi þeim um þessi tilvik. Að öðrum kosti heldur sá réttinum sem skráir fyrst.

Helstu heimildir sem byggðar eru á í greininni:

Jón Arnalds, **Vörumerkjaréttur**, Reykjavík 1995.

Kasper Heine o.fl., **Internet Jura**, Kaupmannahöfn 1997, bls. 263-279.

Mark Batistich, **Domain Name Disputes - It's About Time The Internet Grew Up**.

Vefslóðartilvísun: (<http://139.130.50.22/DomainNames/DomainNames.htm>)

Sally M. Abel o.fl., **Trademark Issues In Cyberspace**.

Vefslóðartilvísun: (<http://www.fenwick.com/pub/cyber.html>)

Samtök um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar

Nýlega voru endurvakin Samtök um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar (SVESI) sem stofnuð voru árið 1986, en starfsemin hefur að mestu legið niðri síðan 1992. Tilgangur samtakanna er m.a. að stuðla að því að þeir, sem hagsmuni eiga, njóti fyllstu verndar á eigin hugmyndum og framleiðsluvörum, að stuðla að þróun löggjafar á þessu sviði og að auka þekkingu félagsmanna.

Eignarréttindi á sviði iðnaðar (industrial property) er samheiti yfir réttinn til uppfinninga, vörumerkja, hönnunar og annarra skyldra hugarfóstra, sem hagnýtt verða í iðnframleiðslu. Þessum réttindum er með lögum veitt vernd með tímabundnum framseljanlegum einkarétti. Alþjóðlegt samstarf og samræming skiptir verulegu máli hér fyrir þá, sem hagsmuni eiga, en grunnurinn að alþjóðlega samstarfinu var lagður með hinni svokölluðu Parísarsambýkkt frá 20. mars 1883, sem Ísland á aðild að ásamt rúmlega 100 öðrum ríkjum.

SVESI beitti sér fyrir því í upphafi að sett yrðu ný einkaleyfalög (lög nr. 17/1991) og lög um hönnunarvernd (48/1993), en segja má að þær skuldbindingar, sem Ísland tók á sig í gegnum Evrópusamstarfið, hafi flýtt verulega fyrir því að löggjöfin á þessu sviði er nú í aðalatriðum í takt við það sem gerist í iðnríkjunum. Á hinn bóginn skortir verulega á að atvinnulífið hér á landi þekki nægilega þá möguleika og þá þýðingu, sem réttindi sem þessi geta haft, en samtökin líta á það sem eitt af sínum stærstu verkefnum að kynna iðnréttindi og þýðingu þeirra fyrir



*Árni Vilhjálms-
son, hrl.,
A & P Lög-
mönnum*

atvinnulífinu. Sem dæmi má nefna að á undanförunum 20 árum hafa 2 einkaleyfi að jafnaði verið veitt íslenskum aðilum, en sé hinni frægu höfðatölureglu beitt og samamburður gerður við Norðurlönd þá ættu þau að vera milli 30 og 40. Það er með öðrum orðum ekki nóg að hafa lög og reglur í þessum efnun ef engin ber þau fyrir sig.

*Á hinn bóginn skortir
verulega á að atvinnulífið
hér á landi þekki nægi-
lega þá möguleika og þá
þýðingu, sem réttindi sem
þessi geta haft ...*

SVESI á aðild að alþjóðlegum samtökum sem nefnast AIPPI, (Association for the Protection of Industrial Property), en á þeirra vegum eru haldnir samráðsfundir og ráðstefnur um eignarréttindi í iðnaði og í gegnum þau er hægt að fylgjast með þeirri þróun sem er í gangi. Þá hefur SVESI tekið þátt í norrænu samstarfi í gegnum samtökin NIR og stóð m.a. fyrir ráðstefnu á Akureyri haustið 1992 sem 120 manns sóttu.

SVESI reynir með sama hætti og sambærileg félög erlendis að höfða

til margvíslegra ólíkra hópa fagfólks og hagsmunaaðila, en aðild geta átt bæði einstaklingar og fyrirtæki. Af um 70 stofnfélögum á sínum tíma voru 15-20 lögfræðingar. Starfsemi samtakanna snýst um að skipuleggja fræðslufundi og ráðstefnur um efni á þessu sviði, sem og að setja niður vinnuhópa varðandi einstök verkefni sem unnið er að. Á vegum SVESI hefur komið fjöldi erlendra fyrirlesara og félagsmenn geta nýtt sér aðild sína til þess að sækja ráðstefnur og fundi erlendis.

Stjórn félagsins hefur ákveðið að gera átak í að fjölga félagsmönnum og eru þeir lögmenn, sem áhuga hafa, hvattir til að hafa samband við greinarhöfund sem fyrst (*arni@aplau.is*). Árgjald í SVESI er kr. 1.500 fyrir einstaklinga, en fyrirtækjaárgjald er kr. 3.000.

Stjórn félagsins skipa: Gunnar Örn Harðarson, tæknifræðingur hjá Marel hf., formaður, Jón L. Arnalds, hrl., varaformaður, Árni Vilhjálms-son, hrl., ritari, Hilmar B. Janusson, verkfræðingur hjá Össur hf., gjaldkeri, og meðstjórnandi er Ómar Grétar Ingvarsson, verkfræðingur hjá Varmaverk hf.

Tæknival 1/1 síða 4-litur

Skuldbindingargildi GATT-samkomulagsins fyrir ESB

Markaður Evrópusambandsins (ESB) fyrir vöruviðskipti er gífurlega stór og mun vaxa enn frekar ef verður af fyrirhugaðri stækkun sambandsins í austur.

Frjáls aðgangur ríkja utan ESB að markaði sambandsins með eigin framleiðsluvörur er því mjög eftirsóknarverður og mikill efnahagslegur styrkur. Með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES) er Íslandi tryggður slíkur réttur. Landbúnaðar- og sjávarafurðir eru að mestu undanskildar, þó hagstæðir tvíhliða samningar hafi verið gerðir við ESB um einstaka vörflokka. Spurningin er hvort ESB geti sett einhliða reglur sem takmarki innflutning vörflokka sem ekki hefur verið gert sérstakt samkomulag um, bæði gagnvart EES-ríkjum og öðrum ríkjum utan ESB. Spurningin kemur upp á yfirborðið vegna viðskiptahindrana sem ESB hefur beitt ýmis ríki á undanföllum árum og valdið hafa deilum sem endað hafa með dómsmálum, bæði innan ESB og innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (World Trade Organisation - WTO).

Framkvæmdastjórn ESB hefur gefið út reglugerðir sem mæla fyrir um takmarkanir á frjálsum vöruflutningum inn á markaði sambandsins. Samningsríki WTO hafa ekki verið undanþegin þessum viðskiptahindrunum. Mest hefur verið deilt um innflutningskvóta á hina svokölluðu dollarabanana. Magntakmarkanir þessar bitna aðallega á nokkrum ríkjum Suður-Ameríku, en útflutningur banana hefur verið helsti tekjustofn þeirra. Á innflutning umfram leyfilegt magn hafa verið lagðir háir tollar.



Pórey Aðalsteinsdóttir, lögfræðingur. - Höfundur er að ljúka doktorsnámi í þjóðarrétti frá háskólanum í Heidelberg í Þýskalandi.

Hefur þetta til að mynda valdið þriðjungs hækkun á verði banana í Þýskalandi.

... var komist að þeirri niðurstöðu, að tiltekna viðskiptahindranir ESB væru skýlaust brot á GATT ...

Samkvæmt GATT-samkomulaginu, sem gildir áfram eftir stofnun WTO og fjallar um vöruviðskipti milli aðildarríkjanna, skulu tollar og aðrar viðskiptahindranir, eins og magntakmarkanir, smátt og smátt afnumin í viðskiptum milli aðildarríkjanna. Rúmlega 130 ríki, þar á meðal öll aðildarríki ESB ásamt sambandinu sjálfu, eiga aðild að samningnum WTO. Nýjar viðskiptahindranir má ekki taka upp í vöruviðskiptum milli aðildarríkjanna nema í sérstökum undantekningartilvikum, eins og t.d. til verndar greiðslujöfnuði ríkis gagnvart öðrum ríkjum eða til að styðja við uppbyggingu innlendrar iðnaðarframleiðslu í þróunarríkjum.

Lögmæti þessara viðskiptahindrana hefur komið til kasta dómstóla WTO og ESB. Í nýlegum dómi áfrýjunardómstóls WTO (AB-1997-3 f. 9.9.1997) var komist að þeirri niðurstöðu, að tiltekna viðskipta-

hindranir ESB væru skýlaust brot á GATT-samkomulaginu. ESB hafði veitt aðildarríkjum Lomé-samkomulagsins, sem eru fyrrum nýlendum aðildarríkjanna ESB, frjálstan aðgang að markaði ESB fyrir banana á meðan innflutningur frá ríkjum Suður-Ameríku hafði verið háður magntakmörkunum og innflutningstollum. Þetta var talið brjóta gegn 1. og 2. mgr. XIII. gr. GATT-samkomulagsins, sem banna mismunun aðildarríkjanna með magntakmörkunum á innflutning. Þetta var einnig talið fara í bága við bestuþingareglu 1. mgr. I. gr. GATT, sem segir til um að ef aðildarríki veiti öðru aðildarríki ívilnun, þá eigi öll önnur aðildarríki rétt á sömu ívilnun. Jafnframt var talið að jafnræðisreglur GATT hefðu verið brotnar, en þær er m.a. að finna í 1. mgr. I. gr. og XIII. gr. samkomulagsins.

Evrópudómstóllinn hefur komist að gagnstæðri niðurstöðu og að hans mati fara ofangreindir innflutningskvótar sambandsins ekki í bága við skyldur ESB samkvæmt GATT (mál nr. T-521/93 f. 11.12.1996 og mál nr. C-466/93 f. 9.11.1995). Dómstóllinn telur jafnræðisregluna ekki brotna, því aðstæður samningsríkjanna Lomé-samkomulagsins og annarra þriðju ríkja séu ekki sambærilegar. Mismunun til hagsbóta fyrir Lomé-ríkin sé réttlætjanleg. Um sé að ræða náð samband þessara ríkja við ESB-ríkin og að ESB hafi rúma heimild til að velja leiðir til að ná markmiðum sínum, sem í þessu tilviki séu að styðja efnahag Lomé-ríkjanna. Rökstyður dómstóllinn niðurstöðu sína með því að GATT-samkomulagið sé byggt á gagnkvæmni að frjálsum vilja aðildarríkjanna og að texti samkomulagsins sé frekar í formi almennra yfir-

lýsinga en skírs lagatexta með boðum og bönnum. ESB hafi því nokkurt svigrúm til að túlka samkomulagið. Þetta segir dómstóllinn þótt dæmi séu um að ákvæði greina GATT-samkomulagsins hafi verið tekin orðrétt upp í Rómarsamninginn og reglugerðir ESB og gildi þá sem skír lagatexti sem beri að byggja á (2. mgr. III. gr. GATT og 1. mgr. 95. gr. Rómarsamningsins).

Athyglisvert er að Evrópuþómstóllinn hefur ekki alltaf verið samkvæmur sjálfum sér í niðurstöðum sínum. Dómstóllinn hefur annars vegar í dómum sínum viðurkennt að ESB sé bundið af reglum GATT-samkomulagsins. Hins vegar hefur hann, í mótsögn við þetta, komist að þeirri niðurstöðu að jafnvel algjört innflutningsbann á vöruflokki til ESB fari ekki í bága við skyldur sambandsins (m.a. mál nr. 245/81 f. 15.7.1982). Framkvæmdastjórn ESB hafði gefið út reglugerð, sem bannaði tímabundið innflutning á

*Evrópuþómstóllinn hefur
ekki alltaf verið
samkvæmur sjálfum sér
í niðurstöðum sínum.*

niðursoðnum sveppum, til að styðja framleiðslu innan sambandsins, sem stæði mjög höllum fæti. Nokkur ríki voru að hluta til undanþegin banninu. Dómstóllinn sagði einfaldlega að Rómarsamningurinn hefði enga almenna grundvallarreglu, sem mælti fyrir um jafnræði þriðju ríkja og að ESB hefði svigrúm til að velja leiðir til að ná markmiðum sínum samkvæmt samningnum. Dómstóllinn virðist samkvæmt þessu láta hagsmuni ESB hverju sinni ráða niðurstöðu sinni. Í einum dómi sínum viðurkendi hann m.a.s. að án undirboðstolla ESB, sem lagðir eru á vöru sem flutt er inn á verði und-

ir kostnaðarverði, væri ekki grundvöllur fyrir framleiðslu sömu vöru innan ESB (mál nr. C-175/87 f. 10.3.1992).

Fróðlegt verður að fylgjast með framvindu þessarra mála hjá ESB og WTO. Reyndar er ESB ekki eini aðili WTO sem hefur sett reglur til að vernda eigin hagsmuni. Verndaraðgerðir USA gegn innflutningi annarra aðildarríkja hafa einnig valdið úlfúð innan ESB og komið til kasta dómstóls WTO. Með stofnun sjálfstæðs og óháðs dómstóls WTO, sem hefur vald til að kveða upp bindandi dóma og beita þvingunaraðgerðum í kjölfar þeirra, er ólíklegt að ESB eða aðrir aðilar WTO komist upp með að setja einhliða verndarreglur fyrir framleiðslu sína eða aðra hagsmuni. Aðildarríkin hafa með WTO-samkomulaginu í raun skapað yfirþjóðlegt vald sem hefur endanlegan úrskurðarrétt í deilumálum sem varða málefni sem falla undir stofnunina.

Löggiltir skjalapýðendur og dómtúlkar

Bogi Arnar Finnbogason **Þýðingapjónusta Boga Arnars**

*löggiltur skjalapýðandi og dómtúlkur
úr og á ensku.*

Skjalapýðingar og almennar þýðingar úr og á íslensku, ensku, dönsku, sænsku, norsku og þýsku.

*Engjaseli 43
109 Reykjavík
sími: 587 3690
fax: 587 3691
tölvupóstur: bogar@ismennt.is*

Lars H. Andersen **Þýðingar og túlkun**

*löggiltur skjalapýðandi og dómtúlkur
úr og á dönsku.*

Almennar þýðingar á íslensku úr dönsku, norsku, sænsku og ensku, svo og á dönsku úr íslensku og ensku.

*Pósthólf 181
300 Akranesi
sími: 431 4539
fax: 431 4239
tölvupóstur: lars@ismennt.is
heimasíða: <http://rvik.ismennt.is/~lars>*

Lög • reglugerðir • stefnur • dómar • opinber skjöl • löggerningar • félagasamþykktir • alþjóðasamþykktir • samningar • greinargerðir • matsgerðir • ársskýrslur • ársreikningar • einkaleyfisumsóknir • afsöl • vottorð • vitna-leiðslur • yfirheyrslur • skírteini • kannanir • dómtúlkun • ráðstefnutúlkun • fræðilegar ritgerðir • sjúkraskýrslur.

Þýðingar afbentar á pappír, faxi, disklingi eða í tölvupósti.

Betur skal að gáð, áður en af stað er farið

Frumvarp til laga um lögmennt, sem nú liggur fyrir Alþingi, var sent til umsagnar til nokkurra aðila, þ. á m. Orators, félags laganema. Félagið skilaði nýlega umsögn sinni um frumvarpið og takmarkaði umfjöllun sína við þau ákvæði, sem fjalla um öflun málflutningsréttinda fyrir héradsdómi. Í þessari grein Hjördísar Halldórsdóttur, laganema, er fjallað um helstu atriði umsagnarinnar.

Umsögn ORATORS¹ takmarkast við 6. og 7. gr. 3. kafla frumvarpsins, um lögmannsréttindi. Ljóst má vera að ný og breytt skilyrði til að öðlast lögmannsréttindi varða laganema afar miklu, sem og lögfræðinga sem eru án lögmannsréttinda. Ákvarðanir löggjafans um þennan þátt frumvarpsins munu varða atvinnuréttindi og atvinnufrelsi þessa hóps og verður seint of mikil áhersla lögð á gildi þess að reglur um öflun lögmannsréttinda verði bæði gagnsæjar og til þess fallnar að standa vörð um jafnrétti og atvinnufrelsi lögfræðinga. Nauðsynlegt er að löggjafinn girði ákveðið fyrir alla möguleika á að stéttarlegir hagsmunir hafi í raun áhrif á val nýliða í lögmannastéttina. Ennfremur ber löggjafanum að gæta þess að aðgangur manna að lögmannsréttindum þrengist ekki frá því sem verið hefur.

ORATOR telur að mikilvægt sé að kanna hversu vel umrædd

¹ Auk greinarhöfundar unnu laganemarnir Ólafur Jóhannesson og Tómas N. Möller umsögn þá sem lögð var fyrir allsherjarnefnd. Umsögnin var samþykkt á félagsfundi ORATORS þann 30. janúar s.l.



Hjördís Halldórsdóttir, laganemi.

ORATOR vekur athygli á að ekki hefur verið kannað með neinum fullnægjandi hætti hver þörfin er á breyttu fyrirkomulagi.

Ákvæði 3. kafla séu til þess fallin að ná þeim markmiðum sem að er stefnt og fram koma í athugasemdum frumvarpsins:

„Þessi skipan er að flestra áliti gengin sér til húðar og þörf er á markvissari undirbúningi við veitingu lögmannsréttinda en flutningur prófmála hefur upp á að bjóða. Gagnrýnin hefur jafnframt beinst að því að aðstaða manna til að fá leyfi lögmannna og umbjóðenda þeirra til að flytja mál sem prófmál sé misjöfn. Feli gildandi fyrirkomulag því í sér mismunun og úr því þurfi að bæta með því að gera aðgang manna að þessum réttindum almennari.“

ORATOR vekur athygli á að ekki hefur verið kannað með neinum fullnægjandi hætti hver þörfin er á breyttu fyrirkomulagi. Enga umfjöllun er að finna í athugasemdum frumvarps um það hvers vegna núverandi kerfi er „gengið sér til húð-

ar“ og engan samanburð er að finna á núverandi kerfi og því sem lagt er til að tekið verði upp. Mikilvægt hlýtur að teljast að gerð verði fagleg úttekt á núverandi kerfi áður en ráðist er í jafn viðurhlutamiklar breytingar og hér um ræðir. Ekki verður talið ásætlanlegt í nútímaþjóðfélagi að afdrifaríkar ákvarðanir sem varða hag fjölda fólks miklu verði teknar með hyggjuvitíð eitt að vopni.

Sú tillaga sem frumvarpshöfundar gera til úrbóta á gildandi fyrirkomulagi er að komið verði á námskeiði og jafnframt að núverandi kerfi prófmála verði lagt niður. ORATOR telur að sú skipan, sem lögð er til í frumvarpinu, geti ekki bætt úr þeim aðstöðumun sem fyrir er og réttilega er gagnrýndur í athugasemdum frumvarps. Til þess liggja fyrst og fremst tverrástæður. Í fyrsta lagi verður um að ræða í nýju kerfi fjárhagslega mismunun og í öðru lagi búsetumismunun. Er í raun óforsvaranlegt annað en að löggjafinn leiði hugann að þeirri aðstöðu sem nýútskrifaður lögfræðingur, sem starfar á landsbyggðinni, væri í, hefði hann hug á að öðlast lögmannsréttindi í því kerfi sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Fyrir utan þá fjárhagslegu mismunun sem er sjálfkrafa innifalinn í búsetumismununinni bendir ORATOR á að námskeið af þessu tagi kemur til með að standa undir sér sjálfu og því er óhjákvæmilegt að af því leiði fjárhagsleg mismunun sem ekki er fyrir hendi í núverandi kerfi. ORATOR telur þetta vera alvarlegan meinbug á frumvarpinu og í andstöðu við þau markmið sem stefnt er að.

Auk þessara athugasemda gagn-

rýnir ORATOR að samkvæmt frumvarpstextanum er mögulegt að allir prófnefndarmenn séu starfandi lögmenn og telur ORATOR mikilvægt öryggisatriði að þessu verði breytt. Þá hefur prófnefnd mikið vald til að ákveða fyrirkomulag námskeiðs án þess að álits annarra sé leitað. ORATOR bendir á að til að tryggja vandaðri undirbúning og til að sátt verði um fyrirkomulag þess, verði leitað álits hagsmunahópa lögfræðimenntaðs fólks sem og Lagadeildar H.Í. Mikilvægt er einnig að hafa í huga að lagamenntun hefur breyst stórlega síðastliðin ár og taka verður mið af því við skipulag námskeiðs. Þá verði haft að leiðarljósi að kenna þá þætti sem sérstakir eru um starf málflytningsmanns en að ekki verði kenndir þættir sem heyra undir fyrirtækjarekstur og skrifstofustörf. Í samræmi við ofangreinda gagnrýni leggja laganemar eftirfarandi til:

- Prófmálakerfið verði ekki lagt niður, a.m.k. ekki að sinni, heldur verði boðið upp á námskeið samhliða því að möguleiki sé að þreyta prófmál með þeim hætti sem nú er. M.ö.o. að val verði á milli námskeiðs eða prófmála. Telur ORATOR að

öðru vísi verði ekki komið í veg fyrir þann aðstöðumun sem gagnrýndur er í athugasemdum frumvarps.

- Lögfest verði að einungis einn prófnefndarmaður megi vera starfandi lögmaður.
- Tillögur prófnefndar um skipan námskeiðs fái umsögn hagsmunahópa lögfræðimenntaðs fólks og Lagadeildar H.Í.
- Lögfræðingum verði heimilt að þreyta próf án þess að hafa sótt námskeið að hluta eða að öllu leyti.
- Námskeið verði haldið að minnsta kosti annað hvert ár en þó á hverju ári ef 10 manns eða fleiri óska eftir því.
- Námskeið verði að hámarki 50 klst. og standi ekki lengur en eina önn í skólaári.
- Efni námskeiðs takmarkist við þá þætti sem einkum reynir á í starfi málflytningsmanns.

Útleiga á fundarsal

Lögmenn geta fengið leigðan fundarsal á jarðhæð í húsnæði félagsins undir t.d. skiptafundi, gerðardómsmál o.fl. Salurinn rúmar u.þ.b. 20-25 manns ef setið er við borð en annars eru sæti fyrir um 35-40 manns. Leiguverðið er 2.000 krónur fyrir klukkustundina auk virðisaukaskatts. Innifalið er kaffi. Tekið er við pöntunum á skrifstofu L.M.F.Í. í síma 568-5620.



Optíma filma

Réttarstaða fanga og sakborninga

Játaðu, og þú ert laus“ sagði rannsóknarlögreglumaður við skjólstaðing minn, sem þá var í einangrunarvist á Litla-Hrauni. „Segðu sannleikann og þú færð að fara heim til mömmu“ sagði fikniefnalögreglumaður við annan skjólstaðing minn, sem var í sömu aðstöðu.



Sveinn Andri Sveinsson, bdl.

Þessi ummæli kunna að hljóma meinlaus, en eru í huga undirritaðs dapurlegur vitnisburður um óviðunandi ástand í opinberu réttarfari á Íslandi. Í störfum mínum sem réttargæslumaður og verjandi sakborninga hef ég síendurtekið rekist á tilvik, sem ekki eru í samræmi við þær kröfur, sem við gerum varðandi mannréttindi fanga og sakborninga.

Sjálfvirkir gæsluvarðhaldsúrskurðir

Í lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, 13. kafla, eru reifuð skilyrði þess að hneppa mann í gæsluvarðhald. Skilyrði þessi eru bæði mjög almennt orðuð auk þess sem túlkun ákvæðanna er oft á tíðum frjálssleg. Er þá bæði átt við að hinn rökstuddi grunur, sem þarf að vera fyrir hendi, er oft haldlítill og almannahagsmunirnir fyrir því, að halda sakborningi í gæslu, léttvægir. Gæsluvarðhald er klárlega ofnotað úrræði, því oftlega gætu rannsóknaraðilar náð þeim tilgangi, sem því er ætlað að ná, með því að óska eftir farbanni eða að trygging sé lögð fram. Skilyrðinu um almannahagsmuni virðist sjálfkrafa vera fullnægt, með því að refsiramma meints atviks nái 10 árum, sama hver á hlut, nýgræðingur eða sibrotamaður, höfuðpaur eða hlutdeildarmaður. Því miður blasir það við að lögregluglufirvöld nota gæsluvarðhaldsúræði til þess að knýja menn til sagna og samstarfs og dómstólar fara því miður oft með frelsissvipt-

inguna eins og hvern annan hégóma.

Gæsluvarðhald er klárlega ofnotað úrræði . . .

Ég hygg að flestir lögmenn geti verið sammála um að erfiðustu ákvarðanir, sem dómara standa frammi fyrir, sé frelsissvipting einstaklinga, hvort sem um er að ræða refsingu eða gæsluvarðhald. Umhugsunarvert hlýtur að teljast að dómarafulltrúar, sem ekki er treyst til að kveða upp dóma í oft hinum einföldustu einkamálum, skuli geta úrskurðað menn í gæsluvarðhald svo vikum og mánuðum skiptir.

Einangrunarvist ofnotuð

Í skýrslu Evrópunefndar um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (CPT) frá 1993, sem fjallar um úttekt þessara mála á Íslandi, segir að einangrunarvist megi jafna við ómannlega eða vanvirðandi meðferð. Hvernig sem á standi beri að láta einangrun standa sem styst. Er því fagnað í skýrslu CPT að ekki sé lengur um það að ræða að gæsluvarðhaldsfangar fari sjálfkrafa í einangrun, eins og var fram til ársins 1992, og margra mánaða einangrun tíðkist ekki lengur.

Í bráðabirgðaskýrslu ríkisstjórnar

Íslands til CPT kemur fram að frá 1. júlí 1992 til 31. desember 1992 hafi aðeins einn gæsluvarðhaldsfangi verið lengur í einangrun en 30 daga. Er vert að benda á ummæli Ólafs Ólafssonar, landlæknis, í blaðagrein fyrir nokkrum misserum, þar sem hann segir einangrunarvist í lengri tíma en 3 vikur geta haft varanleg áhrif á heilsu manna.

Þessar tölur íslenskra stjórnvalda eru ekki síst athyglisverðar fyrir þær sakir að í nýlegu sakamáli, sem ýmist gekk undir nafninu Hollendingsmálið eða stóra hassmálið, voru 4 einstaklingar, tveir Íslendingar og tveir Hollendingar, 90 daga í einangrunarvist, sem samsvarar fjórföldum hámarkstíma sem landlæknir gefur. Einn þessara sakborninga hlaut síðan aðeins 15 mánaða dóm og var laus strax eftir dómsuppkvaðningu.

Það er afleit staða að lögregluglufirvöld stjórnir því hversu lengi sakborningur sitji í einangrunarvist. Hagsmunirnir, sem tryggja á með einangrunarvistinni, eru aðallega þeir að unnt sé að ná skýrslu af aðilum, sem tengjast máli, áður en sakborningur kemst í samband við þá. Í löggjöf ætti að ætla lögreglu einhvern hámarkstíma, 1-2 vikur, til að klára þau verkefni sem þarf, á meðan sakborningur er í einangrun. Tekið er undir það, sem fram kemur í skýrslu CPT, að eðlilegt sé að dómari úrskurði um einangrunarvist en ekki rannsóknaraðili.

Gamaldags yfirheyrslutekni

Yfirheyrslur hjá lögreglu eru í dag oftast með þeim hætti að lögreglan spyr aðila, hvort sem það er vitni eða grunaður, spurninga, sem ýmist eru fyrirfram ákveðnar eður ei og eftir að aðili hefur svarað spurningum eru svör bókuð eftir honum. Er oft erfitt fyrir aðila, sem ekki hefur verið viðstaddur, að gera sér grein

fyrir hvernig yfirheyrsla hefur farið fram, hvernig spurningum hefur verið beint að aðila og hvernig svarað hefur verið nákvæmlega.

CPT segir í áður nefndri skýrslu að það sé mikilvægt öryggistæki fyrir þann, sem hefur verið handtekinn, að yfirheyrslur séu hljóðritaðar. Leggur nefndin því til í skýrslu sinni að hljóðritun á lög-regluglufirheyrslum verði gerð að fastri vinnureglu. Er og lagt til að slíkar hljóðritanir séu gerðar á tvö segulbönd og að önnur hljóðritunin sé innsigliuð í viðurvist hins handtekna en hitt haft sem vinnu-eintak.

Heimild til að kynna sér gögn

Í 43. gr. OML er kveðið á um það að ekki megi kynna sakborningi gögn máls nema dómari eða saksóknari samþykki. Á þetta ákvæði reyndi í áður nefndu Hollendingsmáli, en þar kröfðust sakborningar þess að fá að kynna sér

... mikilvægt öryggistæki fyrir þann, sem hefur verið handtekinn, að yfirheyrslur séu hljóðritaðar.

öll skjöl málsins. Í mjög góðum úrskurði, sem ástæða væri til að birta í fullri lengd í þessu blaði, kemst Guðjón S. Marteinnsson, héraðsdómari, að þeirri niðurstöðu að þegar til dómsmeðferðar sé komið, sé það andstætt ákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu og stjórnarskrár og hugmyndum um nútímaréttarfar að færa ákærvaldinu slíkt vald. Þessu hnekkti Hæstiréttur og tók með því rannsóknarhagsmuni ákærvaldsins fram yfir ákvæði alþjóðlegra samninga um mannréttindi fanga og sakborninga. Brýnt er að ákvæði 43. gr. verði breytt þannig að sakborningur geti, um leið og ákæra hefur

verið þingfest, kynnt sér þau gögn sem liggja til grundvallar ákæru á hendur honum.

Niðurlag

Í þessum pistli hef ég getið nokkurra atriða, sem ég tel miður fara í opinberu réttarhari á Íslandi. Því miður er þetta ekki tæmandi talning, því víða er pottur brotinn. Fangar og sakborningar eru ekki öflugur þrýstihópur með mikinn samtakamátt. Einu aðilarnir og þeir réttu til þess að tryggja hagsmuni þeirra eru lögmenn. Er lagt til að Lögmannafélagið hlutist til um að stofnaður verði sérstakur starfs hópur innan vébanda félagsins, þar sem þeir félagsmenn, sem að sakamálum og málefnum fanga koma, geti í sameiningu beitt sér í því skyni að ná fram úrbótum á lögum og reglum um meðferð opinberra mála.




ROSENGRENS

Öryggis- og peningaskápar

Stálslegið öryggi

Öryggisskáparnir frá Rosengrens eru traust geymsla fyrir peninga, skjöl, tölvugögn og önnur verðmæti. Skáparnir sem eru í hæsta gæðaflokki fást í ýmsum stærðum og gerðum. Kynnið ykkur úrvalið.



BEDCO & MATHIESEN EHF
Bæjarhraun 10 - Sími 565 1000



ISUMIR SNIÐGANGA VIÐSKIPTAVINI OKKAR

Innbrotshjófar gerast nú æ birtarnari í að sigta út þau fyrirtæki, þar sem allur aðbúnaður er eins og best verður á kosið, að þeirra mati.

Gerðu strax ráðstafanir til að tryggja að þessir menn sniðgangi þitt fyrirtæki.

Kostnaðurinn, samfara örygginu, er aðeins brot af skaðanum sem þeir geta valdið.



Firmavörn Securitas fullkomið öryggiskerfi að láni

Securitas býður nú fyrirtækjum að fá að láni fullkomið öryggiskerfi, alsjáandi auga sem hleypir engum óboðnum gesti inn. Fyrir kerfið sjálft og uppsetningu þess þarf ekkert að borga en mánaðarlegt þjónustugjald felur í sér útköll og þjónustu við kerfið allan sólarhringinn.



Firmavörn
SECURITAS

Firmavörnin er samsett af stjórnstöð, þremur hreyfiskynjurum og sírenu.

Kerfið er sett á með einu handtaki þegar fyrirtækið er yfirgefið og er síðan tengt við stjórnstöð Securitas sem er ævinlega í viðbragðsstöðu.

Heimavörn og Firmavörn eru vörumerki Securitas.